

## Um meðgöngu og influensu H1N1 2. útgáfa, 22.09.2009 (1. útgáfa var 24.07.2009)

Pungun getur aukið líkur á alvarlegum sjúkdómi við influensusmit einkum á seinni hluta meðgöngu.

Beinar fósturskemmdir eru ekki þekktar af völdum influensuveiru en hugsanleg eru áhrif á fóstur ef móðirin veikist alvarlega, t.d. við skerta súrefnismettun vegna lungnabólgu.

Ekki hefur verið sýnt fram á, svo óyggjandi sé, að aukin hættu sé á fósturláti en sumar rannsóknir hafa sýnt fram á auknar líkur á fyrirburafæðingu.

Þungaðar konur eru í markhópi I fyrir bólusetningu (sjá leiðbeiningar sóttvarnalæknis) Þeim ætti því að bjóða bólusetningu um leið og bóluefni fæst, óháð meðgöngulengd. Bólusetning mun fara fram á heilsugæslustöð á búsetusvæði kvennanna, jafnvel þótt þær séu í mæðraskoðun í áhættumæðravernd LSH

Þungaðar konur sem að auki hafa langvinna sjúkdóma sem um er getið í lýsingu á markhópi I eru augljóslega í enn meiri hættu á alvarlegum veikindum.

Leiðbeiningar sóttvarnalæknis um sýnatöku og greiningu gilda einnig um þungaðar konur. Nú er ekki lengur lögð áhersla á sýnatöku til greiningar við klínískan grun um smit.

Æskilegt er að greining og meðhöndlun þungaðra kvenna fari fram í Heilsugæslunni. Almennt gildir að sjúklingar með H1N1 influensu eru ekki vistaðir á sjúkrahúsi nema ástand þeirra sé alvarlegt og sama gildir um þungaðar konur. Inflúensusýking má þó ekki koma í veg fyrir að konu með alvarlega meðgöngusjúkdóma sé sinnt á sjúkrahúsi.

Veirulyfin Tamiflu<sup>R</sup> og Relenza<sup>R</sup> má nota á meðgöngu á sömu ábendingum og hjá öðru fólki.

Undir öllum kringumstæðum ætti að hvetja til (áframhaldandi) brjóstgjafar nýburans.

Sjá leiðbeiningar á innra neti HH um influensu og bólusetningu á meðgöngu.

Lesefni á [www.infpreg.se](http://www.infpreg.se) og [www.rcog.org](http://www.rcog.org)

Þróunarstofa Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins – Mæðravernd  
Kvenna- og barnasvið LSH  
Sóttvarnalæknir, landlæknisembættinu